

Nýja Argentína er í ESB og heitir að minnsta kosti Lettland

Eftir Gunnar Rögnvaldsson

Tveir erlendir bankar eru orðnir svo allsráðandi í Eystrasaltslöndunum - sem öll eru í Evrópusambandinu - að þeir eru farnir að virka sem ríkjandi seðlabankar fyrir löndin. Þeir eru orðnir svo allsráðandi að þeir standa með þau stærstu verkfæri sem hægt er að nota sem áhrifa- og aðgerðavald fyrir peningamálastefnuna í þessum þrem hagkerfum. Þetta eru sænsku bankarnir SEB og Swedbank. Þetta skrifaði matsfyrirtækið Standard & Poor's síðasta sumar.

Sænska blaðið Dagens Industri (DI) veltir nú því fyrir sér hvernig þetta „de facto“ seðlabankahlutverk SEB og Swedbank sé að virka fyrir þá þegna sem búa í Eystrasaltslöndunum. Einkunnin sem Dagens Industri gefur þessum tveim bönkum er því miður falleinkunn.

Það sem SEB og Swedbank eru að sýsla með í þessum þrem hagkerfum núna er beinlínis vanvit segir DI. Þeir hafa valdið stórkostlegum efnahagslegum óstöðugleika og eru jafnvel að grafa undan stjórnálægum og öryggislegum stöðugleika alls svæðisins.

Hin stóraukna útlánastarfssemi bankanna hefur ekki farið í að byggja upp samkeppnishæft atvinnulíf og berandi innviði. Stærsti hluti útlána þessara banka hefur farið til einkaneyslu. Með gagnslausrí útlánastarfssemi hafa þessir sænsku bankar stuðlað að því að fermetraverð íbúðarhúsnæðis í Riga, höfuðborg Lettlands, er orðið hærra en í Stokkhólmi. En nú á sér stað alger viðsnúningur því hin peningapólitíska örvun hefur snúist upp í andstæðu sína einmitt þegar þörfin á annarri stefnu er mjög brýn.

Lettland verður næsta Argentína

Eins og í mörgum öðrum löndum hafa „sænsku seðlabankarnir“ í Lettlandi neyðst til að ganga betligang til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) til þess að reyna að bjarga sér út úr bráðnaðsynlegri gengisfellingum með 10 miljarða dollara neyðaraðstoð. Bankarnir eru mjög á móti því að gengi lats verði fellt því gengisfelling mun rýra eignir þeirra sjálfra á meðan hún myndi þjóna atvinnulífi Lettlands vel. Flestir sem fylgjast grannt með þeirri efnahagskreppu sem er nú í uppsiglingu eftir að kreppa á fjármálamörkuðum er búin að koma atvinnulífi margra landa á kné, vita að eina leiðin til þess að vinna sig út úr vanda komandi ára mun verða sú að leggja þarf megin áherslu á að útflutningsgreinarar geti búið við samkeppnishæfni. Það er einungis hægt ef mynt landanna hefur samkeppnishæft gengi.

En það er alls ekki víst að samlíkingin við Argentínu sé algerlega réttlát því óvíst er hvort þessi neyðarlán séu næg lækning. Til þess að fá peningana frá AGS og einnig frá nágrannalöndunum, þarf Lettland að þvinga í gegn mikinn niðurskurð á opinberum útgjöldum. Nú þegar er samið um launalækkunir til opinberra starfsmanna um 25% og svo þarf einkageirinn að fylgja eftir með eigin launalækkun. Laun í Lettlandi hafa hækkað miklu meira en framleiðni hefur gert og því eytt samkeppnishæfni landsins og þar með gert mynt Lettlands (lat) alltof dýra og ósamkeppnishæfa. En gengi lats er bundið fast við gengi evru. Það er hérna

sem Argentína kemur inn í myndina því þar var ástandið svipað er mynt Argentínu hrundi árið 2002. Lettland þarf því að velja á milli verðhjöðunar og gengisfellingar.

Verði gengið fellt þá munu langtíma fjárskuldbindingar almennings svo sem húsnæðislán hækka verulega því þau lán eru í evrum. Ríkisstjórn Lettlands hefur valið erfiðu leiðina, þ.e. að halda genginu föstu og þarf því núna að þvinga í gegn verðhjöðnun í öllu landinu. Sænsku bankarnir hafa farið þannig að undanfarin ár að 90% af útlánum þeirra hafa veið veitt í erlendri mynt, aðallega í evrum. Ef ríkisstjórnin myndi fella gengið þá myndu skuldir heimilanna aukast nema á þeim lánum sem veitt voru í mynt landsins. En það sama gerist einnig þegar laun Letta eru lækkuð því þá mun verða erfiðara fyrir heimilin að vinna fyrir afborguninum á þessum lægri launum. Í raun er því enginn munur á verðhjöðnun og gengisfellingu hvað varðar húsnæðislán Letta. Þar er valið því einungis á milli pestar eða kóleru. En gengisfelling hefði þó þau jákvæðu áhrif að hún myndi ekki hafa áhrif á skuldir í innlendri mynt og myndi samstundis auka samkeppnishæfi útflutnings. Að lækka laun með handafli mun reynast ríkisstjórn Lettlands mun erfiðara en menn halda, svo gera má ráð fyrir að svoleiðis verðhjöðnunaradgerðir taki langan tíma og virki seint. Það er einnig alls óvíst að þvinguð verðhjöðnun muni skila sér á rétta staði í samfélaginu og því er hætta á að útflutningur og ferðamannaíðnaður muni ekki getað keppt á aukinni samkeppnishæfni fyrir en það er orðið um seinan.

Það er þó einn stór munur á milli Lettlands og Argentínu, en það er sjálf stærðin. Ástandið í Eystrasaltslöndunum mun að líkum versna stórlega á komandi misserum. Það mun verða svo slæmt að margir munu segja það sama og sumir eru að segja á Írlandi núna, þ.e. að Evrópusambandið eigi að koma og hjálpa löndunum út úr erfiðleikunum. Þau séu ekki það stór að það ætti að vera svo erfitt. En það er ólíklegt að þetta verði raunin því svona hjálp er bönnuð samkvæmt reglum myntbandalags Evrópusambandsins. Það var nefnilega einmitt þetta sem Þýskaland óttaðist svo mikið þegar það loks lét undan kröfum Bandamanna, með tilstuðlan Frakka, um að sameining Þýskalands gæti einungis farið fram ef Þýskaland léti undan síendurteknum kröfum Frakklands um myntbandalag. Þjóðverjar hafa nefnilega alltaf óttast að auðæfi þeirra muni - á einn eða annan hátt - enda á kistubotni illa rekinna ríkiskassa annarra og verr settra ríkja í myntbandalaginu með því að verða þvingaðir út í að gangsetja seðlaprentvélnar illa stöddum löndum til björgunar. Ef farið yrði út í að bjarga Eystrasaltslöndunum þá munu PIGS löndin, Portúgal, Ítalía, Grikkland, Spánn - og nú einnig Írland - stilla sér upp í betliröðina fyrir aftan Lettland, Litháen og Eistland. Þetta yrðu því 8 af 27 löndum Evrópusambandsins sem þýskir skattgreiðendur þyrftu að „bjarga“. Svo er einnig Ungverjaland og þá erum komin í 9 af 27 ríkjum til að byrja með.

Undanfarna daga hafa verið mikil mótmæli á götum í Lettlandi. Þetta vekur því miður upp gamlar minningar hjá þeim aðilum sem hafa reynslu af öryggismálum í þessum heimshluta. Það er nefnilega svo að í ógáti gætu „sænsku seðlabankarnir“ í Eystrasaltslöndum verið að vekja upp gamlar vofur. Í versta falli getur þetta versnandi efnahagsástand leitt til svipaðs ástands og við sáum í Georgíu á síðasta ári, því fræin hans Stalíns eru ennþá gróðursett þarna í Eystrasaltsöndunum og þurfa aðeins réttu samfélagslegu aðstæðurnar til þess að fara að spíra aftur. En hér á ég við kjörnar aðstæður fyrir hvata menn í Kreml til að píska upp stemningu sem gæti virkjað öfl hins stóra rússneska minnihluta í þessum löndum. Þá væri með sannni hægt að segja að Svíar hafi skotið sig alvarlega í báða fætur. En sama hvernig allt fer þá mun ástandið í baltísku löndunum hafa áhrif innanlands í Svíþjóð. Það er einfaldlega ekki hægt að komast hjá því. Fyrstir í þeirri röð atburða verða væntanlega hluthafarnir í „sænsku seðlabönkunum“ í Eystrasaltslöndunum. Lokaspurningin gæti því orðið þessi: munu sænskir bankar þurfa að byggja vélbyssuhreiður fyrir utan banka sína í Lettlandi, Eistlandi og Litháen eins og erlendir bankar þyrftu að gera í Argentínu? Einnig

verður fróðlegt að vita hvort AGS verði gagnrýndur eins hart fyrir að styðja fastgengisstefnu Lettlands eins og hann var gagnrýndur fyrir að hafa stutt fastgengisstefnu Argentínu á sínum tíma.

Það er ekki einungis nóbelsverðlaunahagfræðingurinn Paul Krugman sem gagnrýnir ákvörðun AGS um að veita Lettlandi neyðarlán án þess að gengi lats hafi verið fellt. Hagfræðingurinn Edward Hugh í Babelona á Spáni gagnrýnir einnig AGS harðlega og spyr hvaðan nauðsynleg örvun hagkerfisins eigi að koma. AGS er banki og það þarf að greiða lánin til baka með vöxtum. Það sé veruleg hættu á að hagkerfi Lettlands fari í frjálst verðhjóðunarfall og að það verði mun erfiðara að stöðva það heldur en að stöðva væga veðbólgu sem myndi koma ef gengið yðri fellt. Það er mikill halli á mannfjöldajöfnuði í þessum löndum því svo fá börn fæðast þar. Ungt fólk er af mjög skornum skammti og hættu er á að það flýi lönd sín ef aðstæður verða nógu slæmar. Það mun leiða til þess að löndin endi í sömu sporum og El Salvador þar sem stór hluti þjóðarinnar lifir á peningasendingum frá ættingjum og vinum sem hafa flúið til útlanda. En El Salvador tók upp dollar sem sína eigin mynt árið 2001 og er nú stærsti hlutinn af bankakerfi þeirra einnig komið í eigu útlendinga. Í El Salvador er nú rætt um að taka upp gömlu mynt landsins aftur, en það mun því miður reynast þeim mjög erfitt og jafnvel ógerningur.

Umræðan á Íslandi

Mikið er rætt um gjaldmiðlamál á Íslandi þessa dagana. Nánast hefur verið gerð herför að Seðlabanka íslenska lýðveldisins og hafa sumir gengið svo langt að ryðjast inn í bankann og henda matvælum í hann. En menn eru að henda góðum hlutum á ranga staði því Seðlabanki Íslands varaði einmitt þjóðina við því sem gæti komið og sem svo kom. Menn hefðu frekar átt að henda matvælum sínum eftir þeim bönkum sem bjuggu til þau vandamál sem verið er að kljást við núna. Einnig ættu þeir í nafni þjóðar og lands að taka upp gjaldmiðilinn sinn og kyssa hann á kinnina því það er hann sem mun sjá til þess að hægt verður að vinna sig út úr erfiðleikunum og er einnig sterkasta vopnið í þeirri baráttu. Menn ættu því að minnsat orða Hermanns Oskarssonar, hagstofustjóra Færeyja, þegar hann benti Íslendingum á að krónan væri þeirra sterkasta vopn. Að henda eggjum og ryðjast inn í Seðlabankann er því að snúa réttunni inn og röngunni út. Einnig ættu Íslendingar að hætta að leggja eyrun of þétt að ráðgjöf erlendra sem innlendra hagfræðinga og treysta dálítið meira á eigin brjóstvit eins og er. Hagfræðin en nefnilega stödd í ókönnuðu landslagi núna. Það kom einn svona erlendur álitsgjafi í heimsókn til Íslands á liðnum dögum. Hann heitir Willem H. Buitter og er prófessor í stjórnmálahagspeki. Samkæmt orðum Morgunblaðsins þá á hann að hafa sagt að Ísland geti vel haldið krónunni en verði þá að setta sig við gjaldeyrishöft og að þurfa að stunda landbúnað og fiskveiðar nánast að eilífu. Þetta eru þær atvinnugreinar sem hafa gert Ísland að því sem það er orðið í dag, eitt ríkasta samfélag í heiminum. En ef raforkusala, álvinnsla, álútflutningur, mannvirkja- og byggingagerð eru einnig landbúnaður og fiskveiðar, þá leyfi ég mér að segja að herra Willem H. Buitter sé smjörfjall og sé einmitt að bráðna núna. En kannski eru þetta einungis leifarnar af gamla smjörfjalli Evrópusambandsins sem þarna tala.

Íslenska krónan, mynt Íslands, gæti hinsvegar reynst besta vörn landsins gegn því að herferðir mikilmennskubrjálædis til útlanda hefjist á ný þegar veðrið gengur niður aftur. Núna vita menn nefnilega að myntin og þjóðfélagið okkar þolir ekki svona meðferð. Reyndar þolir engin mynt svona meðferð. Það verður þó og því miður að segjast eins og er að hefðu Mikki Mús og Andrés Önd stýrt bönkunum undanfarin ár þá hefði árangurinn varla getað orðið verri en hann er í dag. En þetta á ekki einungis við um Ísland heldur einnig um mörg önnur lönd.